



TÁLKNAFJARÐARHREPPUR



Fasteignagjöld 2021

Álagning íbúðarhúsnæðis :

2021

Fasteignaskattur.	0,50% af hús- og lóðamati.
Vatnsgjald.	0,35% af hús- og lóðamati.
Holræsagjald.	0,40% af hús- og lóðamati.
Lóðarleiga.	2,5% af lóðarmati.
Sorphreinsunargjald, íbúðir	21.013.- kr. á hvert sorpílát.
Sorpeyðingargjald, íbúðir	34.113.- kr. á hvert sorpílát.
Umhverfisgjald, sumarhús, lögbýli	34.133- kr.

Gjalddagar verða 10. Fyrsti gjalddagi 1.febrúar, síðan 1.hvers mánaðar (febrúar til nóvember). Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga ef ekki er greitt fyrir eindaga. Ef gjöld eru samtals lægri en kr. 25.000.- er um einn gjalddaga að ræða og er hann 15.febrúar. Ef álagning er kr. 500.- eða lægri verður krafan ekki innheimt. Álagningarseðlar verða EKKI sendir út en verða aðgengilegir á island.is

Vinsamlega athugið að ekki verða sendir út greiðsluseðlar nema þess sé sérstaklega óskað. Greiðsluseðlar munu birtast í heimabanka. Engin breyting verður hjá þeim sem pöntuðu seðla í fyrra. Hægt er að panta og afpanta seðla og álagningarseðla með því að hringja í síma 450-2500 á opnunartíma skrifstofu og/eða senda tölvupóst á talknafjordur@talknafjordur.is.

Veittur verður afsláttur af fasteignaskatti til þeirra elli- og örorkulífeyrisþega, sem eiga lögheimili í og eru þinglýstir eigendur viðkomandi fasteignar og/eða geti á rétt á vaxtabótum vegna hennar skv. B-lið 68.gr.laga nr. 90/2003 um tekju og eignaskatt. Einungis er veittur afsláttur vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Miðast afslátturinn við eftirfarandi tekjumörk liðins árs :

a) Ef um er að ræða einstaklinga;

- með brúttótekjur undir 3.762.000 kr. getur niðurfelling orðið 100%
- með brúttótekjur milli 3.762.001 – 4.745.000 kr. getur niðurfelling orðið 70%

b) Ef um er að ræða hjón;

- með brúttótekjur undir 5.224.000 kr., getur niðurfelling orðið 100%
- með brúttótekjur milli 5.224.001 – 6.643.000 kr. getur niðurfelling orðið 70%

Við álagningu fasteignagjalda er afslátturinn reiknaður út frá álagningu 2020 vegna skatttekna 2019. Vinsamlega athugið að afslátturinn verður endurreiknaður þegar skattframtal 2021 vegna skatttekna 2020 liggur fyrir.

Álagning atvinnuhúsnæðis :

Fasteignaskattur er 1,65% af hús- og lóðarmati, vatnsgjald 0,5% og holræsagjald 0,3% . Lóðarleiga er 3% af fasteignamati lóðar.



TÁLKNAFJARÐARHREPPUR



Gjaldskrá fyrir móttöku á gámavelli:

Sveitarstjórn samþykkti gjaldskrá fyrir móttöku sorps á gámavelli. Tekið verður upp klippikort og mun eitt kort verða sent á hvert heimili. Klippikortið er innifalið í sorpgjöldum og gildir fyrir móttöku á 4m³. Opnunartími á gámaplani er miðvikudögum 15 – 17.

Heiti úrgangsflokks	Gjaldskylt frá heimilum	Gjaldskylt frá rekstraraðilum	Úrvinnslu-gjald	Klippikort með 16 x 0.25 m ³	Verð án korts pr. m ³
Pressanlegur úrgangur	Já	Já	nei	x	5.884
Almennur heimilisúrgangur	Já	Já	nei	x	5.884
Grófur úrgangur frá framkvæmdum	Já	Já	nei	x	5.884
Steinefni frá framkvæmdum	Já	Já	nei	x	5.884
Gifs og gifspötur frá framkvæmdum	Já	Já	nei	x	5.884
Bólstruð húsgögn, dýnur o.þ.h.	Já	Já	nei	x	5.884
Húsgögn o.þ.h. ekki málað/plasthúðað	Já	Já	nei	x	5.884
Húsgögn o.þ.h. málað/plasthúðað	Já	Já	nei	x	5.884
Vörubretti, kassar o.þ.h.	Já	Já	nei	x	5.884
Ómálað timbur	Já	Já	nei	x	5.884
Málað timbur	Já	Já	nei	x	5.884
Brotamálmar hvers konar	Já	Já	nei	x	5.884
Pappír	nei	nei			x
Bylgjupappi og sléttur pappi	nei	nei			x
Plastumbúðir og annað plast	nei	nei			x
Fernur	nei	nei			x
Hjólbarðar	nei	nei	Já		x
Heyrúlluplast	nei	nei	Já		x
Öll raftæki	nei	nei	Já		x
Öll spilliefni	nei	nei			x
Gras					
Trjágreinar					
Hey frá dýrahaldi					
Garðaúrgangur					
Jarðvegur					

Klippikort innifalið í sorphirðugjöldum alls 4 m³

Nýtt klippikort 4 m³, keypt á skrifstofu 9.225,-

Að öðru leyti vísast til samþykktar Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps frá 13. desember 2018 og laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 ásamt síðari breytingum.

Ólafur Þór Ólafsson,

sveitarstjóri